Stjórnarbrjef og auglýsingar.

1 — **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um íslenzkt dýramyndasafn.** — Hjer með skal stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega tjáð, að jeg af fje því, sem veitt er í 15. gr. fjárlaganna til vísindalegra og verklegra fyrirtækja hefi samkvæmt brjefi stiptsyfirvaldanna frá 2. nóvbr. f. á. veitt skólakennara Benedikt Gröndal 200 kr. styrk fyrir þetta ár til framhalds dýrasafni því og myndasafni af íslenzkum dýrum, sem hann um nokkur ár hefir starfað að, og sem á sínum tíma ber að taka inn í hið náttúruvísindalega safn hins lærða skóla. Af styrk þessum munu 60 kr. verða ávísaðar í þessum mánuði, en 140 kr. í júlímán. þ. á., og vænti jeg þess, samkvæmt brjefi mínu frá 20. janúar f. á., að skólakennara Benedikt Gröndal gefist kostur á að koma á prent í næstu skólaskýrslu ítarlegri skýrslu um safn þetta. 3. jan.

2 — **Brjef landshöfðingja** *til sýslunefndarinnar í Dalasýslu* **um sýsluskóla.** — Í brjefi frá 20. f. m. hefir sýslunefndin að fengnu samþykki amtsráðsins farið þess á leit, að fá úr viðlagasjóði landsins 1300 kr. lán til þess að kaupa fyrir þessa upphæð 1/4 hluta jarðarinnar Ásgarðs undir fyrirhugaðan sýsluskóla. 17. jan.

Fyrir því vil jeg tjá nefndinni til þóknanlegrar leiðbeiningar, að lán þetta muni geta fengizt í gjalddaga 11. júní þ. á., ef sýslunefndin í heild sinni gefur út skuldabrjef fyrir láninu og skuldbindur sig til að greiða 4% ársvexti af láninu, og að endurborga það með því í 28 ár að greiða landssjóði 6% árlega af hinni upprunalegu upphæð þess.

3 — **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* **um kosningu á hreppstjóra í hreppsnefnd.** — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar, herra amtmaður, um fyrirspurn hreppstjórans í Bólstaðarhlíðarhreppi, hvort hreppstjóri geti skorazt undan kosningu í hreppsnefnd, vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að jeg er yður samdóma um, að hreppstjóra beri ekki slík undanþága og virðist 5. grein tilskipunar um sveitastjórn 4. maí 1872 að innihalda ítarlegar reglur um slíka undanþágu, þannig að allir aðrir en þeir, sem geta skorazt undan kosningu samkvæmt þessari grein, sjeu skyldir að taka við kosningu. Að öðru leyti visast til 8. greinar tjeðrar tilskipunar, og getur samkvæmt henni sá, er skorast vill undan kosningu, áfrýjað úrskurði kjörstjórnarinnar þar um til hlutaðeigandi sýslunefndar. 20. jan.

Hinn 24. febr. 1881.

Reykjavík 1881. Einar Þórðarson.